

Starfsárið 2008

Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi 19. febrúar 2009



– fyrir íslenska verslun

Starfsárið 2008

Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi 19. febrúar 2009



– fyrir íslenska verslun

Nýir félagsmenn

Friðjón Björgvin Gunnarsson

Frjó ehf

Hexa

Íslensk - Ameríska

Jóhann Helgi & co

Stjórn og trúnaðarmenn

Stjórn FÍS var þannig skipuð starfsárið
2008-2009:

Skúli J. Björnsson formaður
(kjörinn 2007 til tveggja ára)
Guðbjörg Alfreðsdóttir varaformaður
(kjörin 2008 til tveggja ára)
Birgir S. Bjarnason ritari (kjörinn 2007 til tveggja ára)
Bogi Þór Siguroddsson (kjörinn 2008 til tveggja ára)
Ólafur Ó. Johnson (kjörinn 2007 til tveggja ára)
Magnús Ingþórsson (kjörinn 2008 til tveggja ára)

Skoðunarmenn:

Egill Þór Sigurðsson
Kristján Sigurðsson
Til vara:
Grétar Leifsson
Kristján Sigmundsson.

Starfsmenn:

Knútur Signarsson, framkvæmdastjóri
Páll Rúnar Mikael Kristjánsson, hdl.
Bjarnís Lárusdóttir, skrifstofustjóri
Linda Bára Finnbogadóttir, verkefnastjóri.

Fagnefndir félagsins og stjórnir hópa voru
þannig skipaðar starfsárið 2008-2009:

Hagræðingarnefnd:

Björgvin Tómasson
Bessi J. Jóhannesson
Ásgeir Ásgeirsson

Samkeppnisnefnd:

Kjartan Ágústsson
Þróstur Lýðsson

Efnahagsnefnd:

Friðrik Ingi Friðriksson
Benedikt Eyjólfsson
Guðjón Sigurbjartsson

Fræðslu - og markaðsnefnd:

Anna Marta Ásgeirsdóttir
Sigurður H. Sigurðsson,
Guðmundur K. Ingvarsson

Útflutningsnefnd:

Kári Sölmundarsson
Eyþór Ólafsson
Tómas Þorsteinsson

Stjórn áfengishóps:

Árni Stefánsson, formaður
Jón Erling Ragnarsson
Þróstur Lýðsson

Stjórn Lyfjahóps:

Guðný Rósa Þorvarðardóttir, formaður
Bessi Jóhannesson

Guðbjörg Alfreðsdóttir
Ólöf Þórhallsdóttir
Sigurður Traustason

Stjórn matvöruhóps:

Guðmundur Björnsson, formaður
Guðmar Marelsson
Haukur Hjaltason

Stjórn Snyrtivöruhóps:

Guðmundur Sigurðsson
Kristján Sigmundsson

Vátryggingamiðlarar:

Karl Jónsson, formaður
Þorlákur Pétursson
Ómar Einarsson
Hákon Hákonarson

Æðadúnshópur:

Elías Gíslason, formaður
Erla Friðriksdóttir
Pétur Guðmundsson
Jónas Helgason
Sigtryggur R. Eyþórsson

Stjórn fæðubóta- og heilsuvöruhóps:

Þórarinn Þórhallsson, formaður
Árni Geir Jónsson
Elías Guðmundsson

Kjararáð:

Birgir Rafn Jónsson, formaður
Haukur Hjaltason
Gylfi Rútsson
Einar Þór Magnússon, varamaður
Karl Sigurðsson, varamaður
Kristján Sigmundsson, varamaður
Skúli J. Björnsson, formaður FÍS
Andrés Magnússon, frkvstj. FÍS (Knútur Signarsson)

Lyfjagreiðslunefnd:

Guðbjörg Alfreðsdóttir

GS1: Halldór Páll Gíslason

Lífeyrissjóður verslunarinnar:

Margrét Kristmannsdóttir (Bogi Þór Siguroddsson)
til vara:
Pétur Björnsson (Birgir Bjarnason)

Staðlaráð Íslands:

Sigurður Örn Guðleifsson, FÍS (Páll Rúnar Mikael Kristjánsson, FÍS)

Starfsmenntasjóður verslunarinnar:

Sigurður H. Sigurðsson (Birgir Bjarnason)

Nefnd um Njarðarskjöld:

Linda Bára Finnbogadóttir

Fjárfestingarsjóður stórkaupmanna:

Stefán S. Guðjónsson, formaður.



Af vettvangi stjórnar

Árið 2008 verður minnst sem viðburðaríku ári í starfsemi FÍS. Ári, þar sem fjórir af fimm starfsmönnum FÍS hættu störfum á einu bretti og ári, þar sem efnahagur íslensku þjóðarinnar hrundi.

Á starfsárinu hélt stjórn félagsins alls 16 fundi. Trúnaðarstörf innan stjórnar voru þannig á árinu að Skúli J. Björnsson var formaður og Guðbjörg Alfreðsdóttir varaformaður uns hún sagði sig frá því starfi og gekk jafnframt úr félaginu í desember 2008. Meðstjórnendur voru Birgir Bjarnason, Bogi Þór Siguroddsson, Ólafur Ó. Johnson og Magnús Ingþórsson.

Aðalfundur 2008

Aðalfundur FÍS árið 2008 var haldinn 7. mars á Hótel Sögu. Gestur fundarins var Ólafur Ísleifsson lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og einnig kynntu þeir Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Sigurður Jóhannesson sérfræðingur skýrslu, sem félagið hafði beðið stofnunina um að vinna og ber nafnið „Íslensk verslun næstu 10 árin.“

Ólafur fjallaði um íslenskt efnahagslíf og sagði að mikil breyting hefði orðið á vægi atvinnugreina í þjóðarbúskapnum. Sókn fjármálageirans væri mikil sem og vaxandi hlutur stóriðju en sjávarútvegurinn léti undan síga. Helsti vandi erlendis frá væri vegna áhrifa alþjóðlegrar lausafjárekreppu og að lánsfé væri torfengið nema á ofurkjörum. Vaxtaumhverfið innanlands væri auk þess óhagstætt. Ólafur benti á að styrkja þyrfti starfsumhverfi bankanna með því að efla gjaldeyrisvarasjóð Seðlabanka Íslands og gera samninga við erlenda seðlabanka. Íslendingar þyrftu hugsanlega að standa frammi fyrir því að velja á milli fjármálageirans og gjaldmiðilsins, sem hann taldi vera stærsta pólitíska mál framtíðarinnar. Ólafur bent á að notkun erlendra mynta færi vaxandi og svo virtist sem stjórnendur stærstu fyrirtækja hefðu gert upp hug sinn því sífellt fleiri viðskipti væru gerð upp í erlendri mynt. Fór hann síðan yfir helstu kosti og galla þess að taka upp evru en sagðist samt ekki vera að boða neina niðurstöðu, evran væri hvorki lausn á vandamálum til skamms tíma né leysti öll vandamál tengd gjaldeyrinum. Boðaði Ólafur betri hag á



Ólafur Ísleifsson

komandi tímum og sagði nauðsynlegt að viðtæk umræða færi fram byggð á þekkingu með hagsmuni heimila og fyrirtækja að leiðarljósi.

Gunnar Haraldsson og Sigurður Jóhannesson fylgdu síðan úr hlaði skýrslu um íslenska verslun næstu 10 árin sem unnin var að beiðni félagsins. Kvað Gunnar það hafa komið á óvart hvað efnið hefði verið lítið rannsakað. Skýrslan lá fyrir á fundinum og tæpti Gunnar á því helsta. Sagði m.a. að verslun væri forsenda velmegunar og grunnþátt í allri efnahagsstarfsemi. Eftir því sem verslun væri frjálisari og betri, því meiri yrði hagvöxturinn. Þróunin í heiminum væri sú að færri og stærri fyrirtæki næðu aukinni markaðshlutdeild og að sérleyfi og einkaumboð væru eitthvað sem myndu heyra sögunni til. Skil milli heildsala og smásala yrðu óljósari með tímanum og áhersla yrði lögð á sérþekkingu, markaðsstarf, miðlun upplýsinga og þjónustu. Þróunin í alþjóðaviðskiptum væri í átt til stórra viðskiptablokka og einangrunarstefnu og það væri mjög mikilvægt fyrir Ísland að fylgjast með þessari þróun.

Að loknum þessum framsöguerindum var opnað fyrir umræður en ljóst var fyrir fundinn að hann yrði átakafundur og að tekist yrði þar á hvort FÍS og SVÞ ættu að sameinast í eitt félag. Þau sem til máls tóku voru: Margrét Kristmannsdóttir sem lagði fram tillögu sína og Péturs Björnssonar um slit á FÍS og sameiningu við nýtt félag, stofnað með SVÞ., Birgir Rafn Jónsson, Guðbjörg Alfreðsdóttir, Hermann Guðmundsson, Linda B. Gunnlaugsdóttir, Ólafur Ó. Johnson, Guðmundur Ingason, Skafti Örn Ólafsson og Stefán S. Guðjónsson. Voru skiptar skoðanir hjá þessum ræðumönnum um sameininguna og heitar umræður. Gengið var síðan til atkvæða og skiluðu 144 atkvæði sér í



Fundur með Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra

kjörkassa og féllu þannig að já við sameiningu sögðu 56, nei sögðu 87 og einn seðill var auður. Tillagan fékk því ekki samþykki og því felld.

Starfsmannamál á skrifstofu FÍS

Þegar það lá fyrir að ekkert yrði af ofangreindri sameiningu sögðu Andrés Magnússon framkvæmdastjóri, Guðbjörg S. Jónsdóttir skrifstofustjóri og Sigurður Örn Guðleifsson lögfræðingur starfi sínu lausu og réðu þau sig öll til SVP. Ennfremur hætti Dögg Árnadóttir sem var verkefnastjóri. Ráðinn var nýr framkvæmdastjóri, Knútur Signarsson viðskiptafræðingur, nýr lögfræðingur, Páll Rúnar Mikael Kristjánsson og nýr skrifstofustjóri, Bjarndís Lárusdóttir. Starfsmönnum fækkaði þar með um einn.

Innra starf félagsins

Á undanförunum árum hafa fræðslu- og kynningarmál verið stór hluti af starfsemi félagsins. Svo var einnig árið 2008. Sennilega hefur aldrei verið meiri aðsókn á námskeið og félagsfundi hjá félaginu en á undanförunum mánuðum. Það sýnir sá mikli fjöldi félagsmanna sem sótt hafa þessa atburði. Hér á eftir er yfirlit yfir helstu námskeið og fundi sem FÍS stóð fyrir á síðasta starfsári.

Félagsfundir, fræðsla og námskeið hjá FÍS vor 2008

Konur í fyrirtækjum. Leiðbeinandi:

Edda Björgvinsdóttir 5. mars



Björgvin G. Sigurðsson



Birgir Bjarnson, Ólafur Ó. Johnson, Skúli J. Björnsson, Björgvin G. Sigurðsson, Knútur Signarsson og Magnús Ingþórsson

Félagsfundur - Kynning á kjarasamningi milli FÍS og VR/LÍV
13.maí

Hádegisfyrirlestur með Bjarna Hauki Þórssyni 22. maí

Hópur um fasteignaverkefni í Berlín – 11. apríl

Félagsfundur með fulltrúa frá Samkeppniseftirlitinu -
Steingrímur Ægisson fulltrúi SKE fór yfir skýrslu
Samkeppniseftirlitsins 19. júní

Félagsfundir, fræðsla og námskeið hjá FÍS haustið 2008

**Félagsfundur með Guðlaugi Þór Þórðarsyni, heilbrigðis-
ráðherra.** Mjög fjölmennur fundur haldinn 26. ágúst

Sölu og þjónustunámskeið. Leiðbeinandi: Margrét
Reynisdóttir frá KAXMA 18. september

Félagsfundur með Benedikt Jóhannessyni formanni
stjórnar Sjúkratrygginga Íslands og Rúnu Hauksdóttur,
formanni Lyfjagreiðslunefndar, 7. október

Rýnihópur félagsmanna fyrir stefnumótunarvinnu FÍS 8.
október

**Erfið starfsmannamál - að takast á við erfið samskipti,
uppsagnir, andlát ofl.** Leiðbeinandi: Eypór Eðvarðsson í
Þekkingarmiðlun ehf. 9. október

Rýnihópur félagsmanna fyrir stefnumótunarvinnu FÍS 10.
október



Bogi Þór Sigurðsson og Próstur Ólaf Sigurjónsson kynna niðurstöður könnunar FÍS



Félagsfundur - kynning niðurstöðu könnunar félagsmanna FÍS

Rýnihópur félagsmanna fyrir stefnumótunavinnu FÍS 16. október

Félagsfundur vegna hugsanlegrar aðkomu að Kaupþingi 17. október

Stjórnun starfsfólks á krísutímum. Leiðbeinandi: Eypór Eðvarðsson í þekkingarmiðlun ehf. 28. október

Félagsfundur með Guðjóni Magnússyni, fyrrum aðstoðarlandlækni, mjög fjölmennur fundur 6. nóvember

Félagsfundur með Bjarna Benediktssyni og Jóni Gunnarssyni alþingismönnum og Gylfa Zoëga hagfræðiprófessor við HÍ. Mjög fjölmennur fundur 11. nóvember

Rýnihópur félagsmanna fyrir stefnumótunavinnu FÍS, 14. nóvember

Mótun markaðsstefnu og gerð sölu- og markaðsáætlana. Leiðbeinandi: Friðrik Eysteinnsson rekstrarhagfræðingur(MBA) og aðjúnt í markaðsfræði við HÍ, 18. nóvember

Markaðssamskipti - tæki og töl(IMC). Leiðbeinandi: Friðrik Eysteinnsson rekstrarhagfræðingur (MBA) og aðjúnt í markaðsfræði við HÍ, 19. nóvember

Sölustjórnun. Leiðbeinandi: Friðrik Eysteinnsson rekstrarhagfræðingur (MBA) og aðjúnt í markaðsfræði við HÍ, 20. nóvember

Félagsfundur með tónlistarmanninum Kristjáni Kristjánssyni, KK. Fjöldmenn samkoma 20. nóvember

Félagsfundur vegna rammamarknaðar við Ríkiskaup 21. nóvember

Námskeið í „Öruggrí tjáningu og samskiptum við fjölmiðla“. Leiðbeinandi: Sigríður Árnadóttir (Sirrý), 26. nóvember

Námskeið: Möguleg hagræðingartækifæri í rekstri.

Leiðbeinendur: Þróstur Olaf Sigurjónsson lektor við HR og Ingvi Þór Elliðason frá Capacent, 27. nóvember

Félagsfundur - kynning á niðurstöðum könnunar vegna stefnumótunavinnu. Leiðbeinandi: Þróstur Olaf Sigurjónsson, lektor við HR 5. desember

Félagsfundur með Björgvin G. Sigurðssyni, viðskiptaráðherra. Mjög fjölmennur fundur 6. janúar, 2009

Félagsfundur með Guðmundi P. Davíðssyni forstjóra Eimskips. Haldinn 8. janúar, 2009

Hádegisverðarfundur: Róbert R. Spanó, settur umboðsmaður Alþingis flutti erindi fyrir félagsmenn FÍS um „Réttaröryggisreglur stjórnsýslulaga og hlutverk umboðsmanns Alþingis“. Að því loknu svaraði Róbert „praktískum“ spurningum fundargesta um efnið. Haldinn 6.febrúar 2009

Námskeið: Hvernig get ég varið umboð mín?“ Leiðbeinandi: Hjördís Halldórsdóttir hdl. hjá Logos. Haldið 15. janúar 2009

Námskeið: Möguleg hagræðingartækifæri í rekstri.

Leiðbeinandi: Ingvi Þór Elliðason hjá Capacent. Farið var yfir nokkra lykilþætti sem áhrif hafa á arðsemi fyrirtækja. Haldið 5. febrúar 2009

Sölu- og þjónustunámskeið Leiðbeinandi: Margrét Reynisdóttir hjá KAXMA. Haldið 10. febrúar 2009

Samkeppnismál/Samkeppniseftirlitið

Samkeppniseftirlitið hóf á árinu 2007 rannsókn á viðskiptum birgja og smásölukeðja. Stærstu birgjarnir veittu allir Samkeppniseftirlitinu nákvæmar upplýsingar um viðskiptakjör sín og lögðu í það mikla vinnu. Athugun Samkeppniseftirlitsins lauk með skýrslu nr. 1/2008 „**Viðskipta-samningar birgja og annað samstarf fyrirtækja á matvörumarkaði**“. Skýrsla þessi var kynnt af Steingrími Ægissyni frá Samkeppniseftirlitinu á fundi þann 19. júní 2008 þar sem aðilar úr matvörugeiranum fjölmenntu. Í þeirri skýrslu hvetur Samkeppniseftirlitið fyrirtæki á matvörumarkaði til að ganga úr skugga um að samningar þeirra feli ekki í sér samkeppnishindranir og að tryggja að efla virka samkeppni og lækka verð til neytanda.

Samkeppniseftirlitið sendi FÍS bréf þann 31. mars 2008 þar sem það lýsti því yfir að það hefði ákveðið að taka til athugunar hvort FÍS kynni að hafa brotið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga með umfjöllun um verðhækkanir



Jón Gunnarsson, Bjarni Benediktsson, Gylfi Zoega og formaður stjórnar, Skúli J. Björnsson

félagsmanna sinna. Ástæðan var sú að þann 29. mars 2008 hafði Andrés Magnússon, þáverandi framkvæmdastjóri FÍS, eftir að íslenska krónan hafði fallið um þriðjung og gríðarlegar verðhækkanir verið á matvælum erlendis, sagt í Ríkisútvarpinu að „matarverð gæti hækkað um allt að 30%“. Óskaði Samkeppniseftirlitið eftir afriti af öllum fundargerðum, samþykktum, ályktunum, sáttum, minnisblöðum, tölvupóstum o.þ.h. frá FÍS frá 1. janúar 2008. Voru það alls um 6000 blaðsíður sem að þurfti að afrita fyrir Samkeppniseftirlitið. Sendi Samkeppniseftirlitið FÍS 27 bls. greinargerð um málið. Heimir Örn Herbertsson hrl. vann að málinu fyrir hönd FÍS og lauk því með sátt þann 10. febrúar sl. þar sem FÍS féllst á að greiða eina milljón krónur. Það

í framhaldi af bréfi Samkeppniseftirlitsins þann 31. mars sendi stjórn FÍS frá sér eftirfarandi:

Stjórnarfundur hjá FÍS haldinn 10. apríl 2008 sendir frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:

Í því efnahagslega umróti sem gengið hefur yfir Ísland undanfarnar vikur hefur íslensk verslun mátt þola ásakanir um óvönduð vinnubrögð úr ýmsum áttum. Hafa bæði samtök launþega og neytenda gengið harðast fram í þessum ásökunum og meðal annars vænt verslunarfyrirtæki um að hækka vöruverð langt umfram tilefni. Þá hafa sumir stjórnámálamenn ekki heldur látið sitt eftir liggja í þessum efnunum. Fullyrðingar þessar hafa verið teknar góðar og gildar í fjölmiðlum án þess að viðkomandi hafi fært sönnur á þær.

Þetta gefur tilefni til að vekja enn og aftur athygli á þeirri stöðu sem íslensk verslun er í um þessar mundir. Aldrei nokkurn tíma í sögunni hefur íslensk verslun horfst í augu við viðlíka hækkanir á innfluttri vöru og nú síðustu mánuði. Á það sérstaklega við um matvæli og hráefni til matvælaframleiðslu, en einnig ýmsar aðrar vörur. Á nokkrum vikum hefur gengi íslenskrar krónu veikt meira gagnvart erlendum gjaldmiðlum en dæmi eru um sl. 15 ár. Á sama tíma eru verslunarfyrirtæki að taka á sig gífurlegar kostnaðarhækkanir, í formi launahækkana, eldsneytis-hækkana, vaxtahækkana og áfram mætti telja. Nú síðast tilkynnti stærsta skipafélag landsins um nær 5% til um 11% hækkunar á gjaldskrá sinni.

Allir sem til þekkja gera sér grein fyrir að það er ekki auðvelt að reka fyrirtæki við þær aðstæður sem nú ríka. Það á ekki síst við um fyrirtæki sem byggja starfsemi sína á því að selja innfluttar vörur. Íslensk verslun kýs stöðugleika fram yfir erlendar hækkanir og óróa á gengismörkuðum. Á



Félagsfundur með alþingismönnum

skal hins vegar ítrekað að FÍS hefur aldrei haft forgöngu um – né vitað til þess að verðsamráð og/eða samræmd viðskiptahegðun hafi verið meðal félagsmanna.

Aðgerðir strax!

Forsætisráðherra, Geir H. Haarde
Utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Stjórn FÍS hefur verulegar áhyggjur af því alvarlega ástandi sem skapast hefur í íslensku efnahagslífi.

Gengissveiflur undanfarna mánuði, sem mældar eru í tugum prósentu, staðfesta að íslenska krónan og íslenskt peningakerfi fær ekki staðist til lengdar. Engan tíma má missa til að koma á stöðugleika í gengismálum þjóðarinnar.

Skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði meðal félagsmanna FÍS nýlega staðfestir að mikill meirihluti aðildarfyrirtækjanna telur að breytinga sé þörf á peningastefnu þjóðarinnar.

Efnahagsnefnd FÍS hefur fjallað um niðurstöður könnunarinnar og styður stjórn félagsins áskorun hennar til Ríkisstjórnar Íslands að hún beiti sér fyrir því að hafnar verði aðildarviðræður við Evrópusambandið. Virðist það vera eina raunhæfa leiðin til að taka upp Evru sem gjaldmiðil á Íslandi.

Þó skoðanir séu skiptar meðal félagsmanna FÍS um aðild að Evrópusambandinu þá er eining um að rétt sé að hefja könnunarviðræður til að fá fram hvaða valkostum þjóðin stendur frammi fyrir við hugsanlega inngöngu. Ennfremur kemur fram í könnuninni að mikill meirihluti félagsmanna vill upptöku evru á Íslandi. Þess vegna leggur FÍS til að stjórnarskráin og lagaumhverfið verði lagfært ef þörf er á, þannig að tæknilegar hindranir seinki ekki aðild að Evrópusambandinu meti meirihluti þjóðarinnar að sú leið sé íslensku þjóðinni fyrir bestu.

Ef ekki verður viðsnúningur á lánamörkuðum blasir við alvarlegra ástand en nokkurn hefur óráð fyrir.

Aðgangur að lánsfé til eðlilegs viðhalds atvinnulífsins er afar takmarkaður. Ný verkefni og nýjar framkvæmdir eru að stöðvast og þau vaxtakjör sem bjóðast hjá bönkunum eru algjörlega óviðunandi og óþolandi. Með upptöku evru á Íslandi ættu lánaðgjöld hér á landi að verða sambærileg við Evrópu.

Stjórn FÍS skorar á ríkisstjórn að gera ráðstafanir strax til að koma í veg fyrir enn alvarlegri samdrátt en þegar er orðinn.

Stjórn FÍS



– fyrir íslenska verslun.

FÍS krefst aðgerða strax:

Lækkun vaxta

Erlend lántaka og styrking íslensku krónunnar

Könnunarviðræður við ESB hafnar



Gunnlaugur P. Steindórsson og Tómas Torfason

frjálsum markaði hagnast ekkert verslunaryfirtæki á því til lengri tíma að nýta sér þær óheppilegu ytri aðstæður sem nú ríkja.

Íslensk verslunaryfirtæki eru ótrúlega oft gerð að blóra-böggli í opinberri umræðu, ekki síst við núverandi ástand. Þau eru ekki hafin yfir gagnrýni frekar en aðrir, en FÍS gerir hins vegar þá kröfu fyrir hönd aðildaryfirtækja sinna að þeir sem tjá sig á opinberum vettvangi um vöruverð geri það á hlutlægan hátt. Félagið telur þetta sjálfsagða og eðlilega kröfu, enda verður opinber umræða aldrei trúverðug nema allar hliðar máls komi fram.

Skoðanakönnun meðal félagsmanna

Á stjórnarfundi þann 29. apríl 2008 var samþykkt að gera skoðanakönnun meðal félagsmanna um stefnu í gjaldmiðilsmálum og til aðildar að ESB. Var ákveðið að láta Capacent Gallup gera þessa skoðanakönnun fyrir félagið og var hún gerð dagana 2.-14. maí 2008. Endanlegt úrtak voru 162 félagsmenn og var svarhlutfall 61,1%. Ef teknir eru í burtu þeir sem voru óákveðnir kom í ljós að:

- 71,1% félagsmanna voru hlynntir því að taka upp aðildarviðræður við ESB.
- 64,3% félagsmanna voru hlynntir aðild Íslands að ESB.
- 75,6% félagsmanna voru hlynntir því að taka Evru upp sem gjaldmiðil á Íslandi.
- 82,9% félagsmanna töldu að aðild að ESB yrði hagstæð fyrir fyrirtæki sitt.
- 68,3% félagsmanna töldu að það væri gott fyrir efnahag Íslands í heild að ganga í ESB.

Var skoðanakönnun þessari gerð góð skil í fjölmiðlum og var m.a. aðalfréttin á forsíðu Fréttablaðsins.

Skömmu síðar eða um miðjan júlí sendi FÍS síðan formönn-um stjórnarflokkana, þeim Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra bréf, sjá auglýsingu bls. 12, sem birtist sem heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu og fékk hún mikla athygli fjölmiðla.

Stefnumótun

Á stjórnarfundi 9. júlí 2008 var ákveðið að félagið færi í stefnumótun með það að markmiði að nútímavæða félagið og gera það markaðsvænt. Leggja áherslu á þekkingar-ráðgjafa- og þjónustugeirann því þannig myndi félagið aðgreinast meira frá SVÞ. Var skipaður stýríhópur og í honum sátu: Bogi Þór Siguroddsson forstjóri Johan Rönning, Margrét Guðmundsdóttir forstjóri Icepharma, Knútur Signarsson framkvæmdastjóri FÍS og Páll Rúnar Mikael Kristjánsson lögmaður FÍS. Þröstur Olaf Sigurjónsson, lektor í stjórnun og stefnumótun við Háskólann í Reykjavík var fenginn til þess að leiða þessa stefnumótunarvinnu sem hófst í ágúst og lauk í janúar 2009. Hélt stýríhópurinn fjölmarga fundi, rýnihópum var komið á fót meðal félagsmanna og að lokum var gerð könnun meðal allra félagsmanna sem 43% svörun fékkst við.

Niðurstöður stöðumats voru ótvíræðar á þann veg að félagsmenn horfa til FÍS sem bakhjarls og málsvara ásamt því að geta sótt til félagsins stuðning í formi fræðslu um vinnumarkaðsmál og rekstur fyrirtækja.

Hlutverk FÍS er að gæta hagsmuna aðildaryfirtækja sinna með því að vera framvörður heilbrigðra verslunarhátta sem tryggir réttlátar leikreglur í samkeppni og eflir hag viðskipta og verslunar á Íslandi.



Á góðri stund: Jón G. Baldvinsson, Páll Bragason og Ágúst Óskarsson



Guðjón Magnússon


Áherslur FÍS til næstu framtíðar:

- **Félagsmenn**
 - Aukið þjónustuframboð á sviði fræðslu, lögræðipjónustu og faghópastarfs
 - Leit nýrra tækifæra í hagsmunabaráttu
 - Nútímalegri ímynd og samhæft útlit útgefins efnis
- **Innviðir**
 - Innleiðing nýs skipulags
 - Áhersla á hagsmunagæslu
- **Fjármál**
 - Ráðdeild í rekstri
 - Vöxtur
- **Gildi FÍS:** Heiðarleiki og frumkvæði

Nýtt skipulag FÍS

Tilgangur nýs skipulags FÍS er að styðja við hlutverk og stefnu félagsins. Áhersla í nýju skipulagi er á hagsmunagæsluhlutverkið. Áhersla er jafnframt á einfalt og skilvirkt þjónustuframboð sem mun einkennast af fræðslu- og lögræðipjónustu. Stjórn á hverjum tíma ákveðja hvaða faghópar starfi miðað við hlutverk og áherslur félagsins en félagsmenn geta á hverjum tíma óskað eftir því að nýjir faghópar verði stofnaðir. Skrifstofa FÍS sér um rekstur faghópanna.

Framtíðarsýn FÍS til 2012 er að stuðla að samkeppnisgrundvelli sem veitir aðildarfélögum skýran virðisauka og að FÍS starfi sem þekkingarsamtök mismunandi faghópa verslunarfyrirtækja.





Skúli J. Björnsson og KK

Efnahagshrunið síðastliðið haust

Við Íslendingar höfðum haft tiltölulega sterka krónu í nokkur ár og bjartsýni í efnahagsmálum ríkti almennt hér á landi síðustu ár. Aðgangur að lánsfé var mjög góður og bæði fyrirtæki og heimili gátu loks tekið lán á hagstæðum vöxtum – erlend lán. Menn höfðu reiknað út að þó að krónan myndi falla um nokkur prósent á ári, þá borgaði sig að taka erlend lán frekar en lán í íslenskrri krónu, enda geysiháir stýrivextir hér á landi. Þessir háu vextir gerðu náttúrulega ekkert annað en að soga að sér erlent fjármagn – sem héldu krónunni sterkri – og því notfærðu margir erlendir fjárfestar sér þessa háu vexti, sem boðnir voru hér á landi og högnuðust þeir vel á því.

En skjótt skipuðust veður í lofti. Undirmálslánin svokölluðu í Ameríku orsökuðu lánsfjárskort og hann bitnaði illilega á okkur Íslendingum. Bankarnir okkar, þessar traustu og öflugu stofnanir gátu ekki lengur fjármagnað sig lengur nema á okurvöxtum og það sama átti reyndar líka við um ríkið. Í lok september, þegar stjórnendur Glitnis gengu á fund Seðlabanka Íslands og báðu um fyrirgreiðslu, þá ákvað hann og ríkisstjórnin að yfirtaka bankann. Ekki leið nema vika þangað til bæði Landsbankinn og Kaupþing fóru sömu leið. Ævisparnaður tugþúsunda Íslendinga hvarf eins og döggr fyrir sólu og þjóðin sett í gríðarlegan skuldaklafa. Mikið hefur verið deilt um það hvort þessi ákvörðun

Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar hafi verið eina færa leiðin. Með þessu falli fjármálakerfisins hér á landi féll gengið og hefur íslenska krónan fallið um helming gagnvart sumum myntum. Þúsundir heimila hér á landi eru miðað við óbreytt gengi gjaldþrota og það sama á við um flest fyrirtæki landsins, sérstaklega fyrirtæki sem hafa staðið í miklum fjárfestingum, nauðsynlegum fjárfestingum, sem að þess vegna höfðu setið á hakanum í mörg ár. Þó að rekstur þessara fyrirtækja gæti verið með ágætum þá er eigið fé uppuríð vegna gríðarlegra hækkana á lánum sem og lækkandi eignaverði. Þjóðin stendur nú sennilega frammi fyrir mesta efnahagsvanda í heilan mannsaldur með tilheyrandi atvinnuleysi og fólksflóttu til annarra landa. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar féll síðan 26. janúar 2009 og við tók ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna.

Þetta efnahagshrun varð að sjálfsögðu til þess að mikið álag lagðist á hina fámennu skrifstofu FÍS. Stöðugur straumur erlendra fréttamanna hafði samband eða kom á skrifstofuna og var framkvæmdastjóri m.a. í viðtölum á sjónvarpsstöðvunum Bloomberg, ABC, Reuter, stærstu sjónvarpsstöðum Japans og Grikklands svo eitthvað sé nefnt auk fjölmargra blaðaviðtala við innlenda sem erlenda blaðamenn. Þingmenn Sjálfstæðisflokks voru fengnir á fundi og sendir voru út fréttapóstar á ensku fyrir félagsmenn til þess að þeir gætu útskýrt ástandið fyrir erlendum



Frá samkomunni með KK

birgjum sínum. Félagsfundir, til þess að veita félögum styrk og stuðning, voru haldnir með Guðjóni Magnússyni, fyrrum aðstoðarlandlækni, þingmönnum Bjarna Benediktssyni og Jóni Gunnarssyni ásamt Gylfa Zoëga hagfræðingi. Tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson, KK, kom og gladdi félagsmenn í byrjun desember. Einnig stóð til að halda fund með forseta Íslands, hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, en hann féll niður sökum dræmrar þátttöku. Í janúarbyrjun kom síðan viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson á mjög fjölmennan félagsfund og svaraði þar spurningum er brunnu á félagsmönnum.

Félagið reyndi eftir bestu getu að liðsinna félagsmönnum. Reynt var að útvega gjaldeyri sem var illfáanlegur á tímabili og að fá frestun á greiðslum virðisaukaskatts og

aðflutningsgjalda í tolli. Félagið náði því fram að fá greiðslu aðflutningsgjalda í tolli, er greiða átti þann 15. nóvember skipt í þrennt og ennfremur náði félagið því fram að greiðslu virðisaukaskatts, er greiða átti þann 5. febrúar 2009 yrði án viðurlaga í 8 daga en þá myndu leggjast á 2% viðurlög – sem að þýddi ef að virðisaukaskatturinn yrði ekki greiddur fyrr en 4. mars þá legðust einungis 2% viðurlög á hann og engir dráttarvextir. Hvoru tveggja var til mikilla hagsbóta fyrir félagsmenn.

Kjaramál

Á árinu 2008 voru undirritaðir samningar við VR og Landsamband íslenskra verslunarmanna og við Rafiðnaðar-samband Íslands. Voru þeir að mestu leyti samhljóða samningum sem ASÍ og Samtök atvinnulífsins gerðu fyrir hönd aðildarféлага þeirra samtaka.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Bogi Þór Siguroddsson og Birgir Bjarnason tóku við stjórnarsetu í Lífeyrissjóði verzlunarmanna um áramótin 2008/2009 af þeim Margréti Kristmannsdóttur og Péttri Björnssyni.

Starfsmenntasjóður verzlunarinnar

Á vettvangi stjórnar var rætt um þá miklu fjármuni sem safnast hafa í sjóðinn frá stofnun hans. Í sjóðnum eru núna



Tónlistarmaðurinn KK



Stjórn og starfsfólk FÍŚ: Magnús Ingbórsson, Birgir Bjarnason, Linda Bára Finnbogadóttir, Knútur Signarsson, Skúli J. Björnsson, Bjarnþís Lárusdóttir, Ólafur Ó. Johnson, Bogi Þór Siguroddsson, Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.

70 milljónir til ráðstöfunar. Sjóðurinn hefur engu að síður skilað góðum árangri og hefur FÍŚ kynnt sjóðinn rækilega fyrir félagsmönnum og liðkað mikið fyrir öllu umsóknarferlinu. Sú breyting varð að Birgir Bjarnason og Knútur Signarsson eru nú fulltrúar FÍŚ í sjóðnum og tóku þeir við af Agli Þór Sigurðssyni og Sigurði Sigurðarsyni.

Lögfræðipjónusta

FÍŚ skilaði af sér fjölmörgum umsögnum um lagafrumvörp og reglugerðir árið 2008.

Má þar helst nefna:

- Umsögn um frumvarp til nýrra laga um landflutninga
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um matvæli
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um geislavarnir
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um neytendalán
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um mannvirkjagerð
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um endurskoðendur

- Umsögn um frumvarp til nýrra laga um kolefnisvinnslu
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um efni og efnablöndur
- Umsögn um frumvarp um breytingu á samkeppnislögum
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um virðisaukaskatt
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga



Guðlaugur Þór Þórðarsson, heilbrigðisráðherra



Félagsfundur með Guðlaugi Þór Þórðarsyni, heilbrigðisráðherra

- Umsögn um frumvarp um breytingu á tollalögum
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti
- Umsögn um reglugerð um pósthverslun með lyf

Árið 2008 bar með sér mörg erfið verkefni samfara þeim hamförum sem áttu sér stað í efnahagslífinu. Í ljósi breyttra aðstæðna var að mörgu að huga. Margir félagsmenn neyddust til að endurskipuleggja starfsmannamál sín og var lögmaður FÍS þeim innan handar í þeim þungbæru verkefnum. Þá leituðu margir til lögmans félagsins vegna skulda, trygginga og ábyrgða. Félagsmenn, eins og aðrir, leitast nú sem aldrei fyrr við að tryggja hagsmuni sína og er lögfræðipjónusta FÍS þar mikilvægur hlekkur. Það er ljóst að þörfin fyrir FÍS og þjónustu þess verður þeim mun meiri á þeim erfiðu tímum sem bíða okkar á árinu 2009.

Nokkrar breytingar urðu á lögfræðipjónustu FÍS árið 2008 eftir að Páll R. Kristjánsson hdl. tók við stöðu lögmans. Er þar helst að nefna fjölgun þeirra sviða sem FÍS veitir nú ráðgjöf á. Þjónustuframboð FÍS má gróflega flokka í eftirfarandi þætti:

- Ráðgjöf og aðstoð á sviði vinnuréttar –
 - Lögfræðisvið FÍS gerir ráðningarsamninga og aðstoðar við uppsagnir starfsmanna auk þess að veita liðsinni í deilum við starfsmenn og stéttarfélög.
- Málssvari félagsmann í almennum málum á stjórn-sýslustigi –
 - Lögfræðisvið FÍS rekur mál fyrir félagsmenn á stjórn-sýslustigi í öllum almennari málaflokkum t.d. útboðsmálum, tollamálum, kærumálum fyrir heilbrigðiseftirliti, málum fyrir kærunefnd neytenda- og lausafjárkaupa, o.s.frv.
- Gerð samninga –
 - Lögfræðisvið FÍS getur tekið að sér gerð flestra almennra samninga fyrir félagsmenn.
- Aðstoð við stofnun félaga og breytingar á þeim –
 - Stofnun hlutafélaga, samrunar, skiptingar, breytingar samþykktar o.s.frv.
- Ráðgjöf við úthýsingu verkefna –
 - Þegar lögfræðisvið FÍS leysir ekki málin innanhús getur það verið félagsmönnum innan handar við að finna sérfræðinga á ákveðnu sviði, semja um kostnað og eftirfylgni með verkefninu þegar þess er óskað.
- Almenn ráðgjöf á sviði viðskipta –
 - Félagsmenn geta ávallt leitað til lögfræðisviðs FÍS með fyrirspurnir um lögfræðileg álitamál.



Félagsfundur - Róbert Spanó, settur umboðsmaður Alþingis

Lögfræðisvið FÍS tekur hins vegar ekki að sér eftirfarandi verkefni fyrir félagsmenn¹:

- Rekstur mála fyrir dómstólum
- Innheimtu krafna
- Kaup og sölu fasteigna
- Leigumiðlun
- Aðstoð í greiðslustöðvun
- Deilumál fyrir Samkeppniseftirlitinu

FÍS hefur nú einsett sér að veita fjölbreyttari, faglegri og umfangsmeiri þjónustu en áður. Þetta virðist hafa lagst vel í félagsmenn sem voru nær undantekningarlaust ánægðir með lögfræðiþjónustu FÍS í könnun sem gerð var í tilefni að stefnumótun félagsins. Með þeim sérfræðisviðum sem bæst hafa við hafa félagsmenn séð sér aukinn hag í því að leita til FÍS. Sést það einnig vel á því að fjórum sinnum fleiri mál komu inn á borð lögmanns FÍS árið 2008 miðað við árið áður.

Til að koma á mótis við allar lögfræðilegar þarfir félagsmanna hefur FÍS gert samstarfs- og afsláttarsamninga við allar helstu lögmannsstofur landsins. Með þessu móti geta félagsmenn leitað lögfræðilegrar sérfræðiráðgjafar á öllum sviðum með lágmarkstilkostnaði.

FÍS hvetur því félagsmenn til að gera félagið að upphafspunkti þegar þeir leita lögfræðilegrar ráðgjafar fyrir fyrirtæki sín. Hvort sem málin eru leyst innanhúss eða beint í annan farveg þá geta félagsmenn með þessu móti náð fram rétti sínum á sem hagkvæmasta máta.

Lyfjahópur

Lyfjahópurinn fundaði reglulega og hélt uppi mjög öflugum starfi árið 2008 líkt og undanfarin ár. Í stjórn hópsins árið

2008 voru Guðný Rósa Þorvarðardóttir framkvæmdastjóri Parlogis, formaður, Bessi H. Jóhannesson Icepharma, Guðbjörg Alfreðsdóttir Vistor, Ólöf Þórhallsdóttir Actavis og Sigurður Traustason Distica.

Hópurinn átti sem áður fulltrúa í Lyfjagreiðslunefnd. Hann skilaði umsögnum um lagafrumvörp og reglugerðar-breytingar auk þess að álykta um margskonar lyfjamálefni.

Haustið 2008 var nýr hagsmunahópur lyfjamála stofnaður innan FÍS þar sem sameiginleg málefni samheitarlyfja-og samhliða innflutnings verða tekin fyrir. Fyrir var til hópur frumlyfjaframleiðanda, Frumtök, sem var upprunalega stofnaður innan FIS en er nú sjálfstætt starfandi og með eigin framkvæmdastjóra. Stefnt er að því að samtök samhliða-og samheitaðinnflytjenda verði sambærileg hagsmunasamtök og verða þar rædd sértæk mál þessara félaga.

Í kjölfar þeirra breytinga sem hafa urðu á samsetningu lyfjahóps FIS við úrsögn Veritas Capital samsteypunnar úr félaginu var tekin ákvörðun um að leggja til sameiningu hjúkrunarhóps og lyfjahóps á næsta aðalfundi þar sem þessir hópar eiga mörg sameiginleg hagsmunamál og í mörgum tilfellum eru sömu fyrirtækin að selja bæði lyf- og hjúkrunarvörur. Hópsins biðja því mikilvæg verkefni árið 2009 þar sem miklar breytingar eru fyrirhugaðar í heilbrigðiskerfi landsmanna sem gera miklar kröfur til sölu- og þjónustuaðila og er því mikilvægara en nokkru sinni að standa vörð um sameiginlega hagsmuni. Hlutverk nýs hjúkrunar-og lyfjahóps liggur í að móta sameiginlega stefnu, kjósa stjórn og skilgreina hlutverk og helstu verkefni þess.

Samskipti við opinbera innkaupaaðila

Á haustmánuðum gerði FÍS samkomulag við Innkaupa-stofnun ríkisins um að félögum innan FÍS yrði heimilað að miða verðútreikninga sína við gengisvísitölu eins og hún er á hverjum mánudagsmorgni og er miðað við þá vísitölu út vikuna. Er þetta veruleg breyting frá því sem verið hefur þar sem að félagar höfðu áður þurft að miða við gengisvísitölu í lok mánaðar er síðan gildi frá 15. næsta mánaðar til 15. dags mánaðarins þar á eftir. Náðist þessi breyting fram eftir að gengi íslensku krónunnar hríðféll á haustmánuðum.

FÍS náði einnig samkomulagi við Fjármálaráðuneytið um að

¹ Þetta kann þó að breytast ef vilji skapast fyrir því.

áfengisheildsalar fengju að breyta verðum sínum mun oft en verið hefur. Er þeim nú heimilt að breyta verðum sínum breytist gengi krónunnar svo einhverju nemur. Áður þurftu áfengisheildsalar að gefa ÁTVR upp verð þann 10. hvers mánaðar er gildi síðan fyrir allan mánuðinn þar á eftir. Eftir gengisfall íslensku krónunnar í haust var þetta langþráð breyting.

Í nóvember hélt framkvæmdastjóri félagsins fyrirlestur á ráðstefnu Ríkiskaupa. Á þessari ráðstefnu voru um 200 innkaupastjórar frá ríkisfyrirtækjum og var þetta kærkomið tækifæri til þess að útskýra fyrir þeim ástand greinarinnar og þann vanda sem hún ætti við að glíma.

Skuldir opinberra fyrirtækja við aðildarfyrirtæki FÍS

Lengi hefur sú staða verið að Landspítali – háskólasjúkrahús, LSH, hafi ekki getað staðið í skilum við aðildarfyrirtæki FÍS. Var ötullega unnið af hálfu FÍS að breyting yrði þar á og gerði LSH að mestu upp skuldir sínar við fyrirtækin þrisvar á síðastliðnu starfsári. Það er hins vegar ekki nægjanlegt. Í þeim erfiðleikum sem fyrirtæki eiga í núna þar sem aðgangur að lánsfé er svo gott sem enginn, stýrivextir þeir hæstu í heimi og nær helmings gengislækkun íslensku krónunnar þá er það skýlaus krafa að Ríkissjóður greiði skuldir sínar á gjalddögum.

Þrotlaus barátta FÍS á síðastliðnum mánuðum hefur hins vegar borið árangur og er LSH í dag næsta skuldlaus við félagsmenn í FÍS. Félagið mun auðvitað halda áfram baráttu sinni á þessu sviði.

Raf- og raftækjaúrgangur

Á árinu voru sett lög um raf- og raftækjaúrgang hér á landi. Höfðu fulltrúar FÍS tekið þátt í samningu frumvarpsins ásamt öðrum hagsmunaaðilum og með stjórnvöldum en hér er um viðamikla Evrópulöggjöf um að ræða. Í lögunum felst að framleiðendaábyrgð yfirfærist á innflytjendur raftækja sem bera ábyrgð á öllum raftækjum frá innflutningi til förgunar. Söfnunarstöðvum sveitarfélaga bera að taka við raftækjaúrgangi til förgunar en kostnaður, ábyrgð, söfnun og förgun þessa úrgangs fluttist um áramótin frá sveitar-

félögum til atvinnulífsins. Umhverfisráðherra skipaði sérstaka stýrinefnd í júlí 2008 og situr Knútur Signarsson í henni fyrir hönd FÍS en einnig eiga sæti í henni Árni Vilhjálmsson hrl. og fulltrúar SVÞ, SA og SI. Í ágúst 2008 var stofnað skilakerfið RR-SKIL og eiga aðildarfélög að FÍS þar tvo af fimm stjórnarmönnum.

Skattlagning á áfengi

Skattlagning á áfengi hafði verið óbreytt í nokkur ár en í desember voru sett lög þar sem áfengisgjald var hækkað. Nokkrum dögum síðar voru sett önnur lög þar sem álagning verslana ÁTVR var hækkuð, álagning á léttum vínun, sem verið hafði 6,85 var hækkuð upp í 12% og álagning á sterkum vínun hækkuð úr 13% í 18%. Þrátt fyrir mikil mótmæli FÍS, þar sem framkvæmdastjóri fór m.a. fyrir efnahagsnefnd Alþingis og var í viðtölum í blöðum og á sjónvarpsstöðvunum þá voru bæði þessi lög samþykkt. Að teknu tilliti til mikillar gengislækkunar íslensku krónunnar sem og þessum skattbreytingum þá hefur verð á áfengi hækkað gríðarlega því að t.d. léttvínsflaska sem kostaði á fyrri hluta ársins 2008 um eitt þúsund krónur út úr vínbúð, kostar nú um 1800 krónur.

Samningar við flugfélög

Gert var samkomulag við Flugfélag Íslands árið 2000 sem veitir félagsmönnum FÍS 25% afslátt af flugfargjöldum innanlands auk afsláttar af bílaleigubílum, gistingu og fleiru. Þessi samningur var endurnýjaður í ársbyrjun 2009. Sams konar samningur við Iceland Express um afslátt af flugfargjöldum til annarra landa er langt kominn. Svona samningar veita félagsmönnum umtalsverðan afslátt og eru því til mikilla hagsbóta fyrir þá.

Önnur starfsemi

Hús verslunarinnar

Upphaflega voru það sjö samtök sem stóðu að byggingu Húss verslunarinnar, en það var afhent eigendum til afnota þann 27. maí 1983. Eigendur að Húsi verslunarinnar eru nú átta talsins. Stjórn Húss verslunarinnar er skipuð framkvæmdastjórum eignaraðila hússins. Á aðalfundi var Þorgeir Eyjólfsson kjörinn formaður hússtjórnar. Forstöðumaður Húss verslunarinnar er Stefán H. Stefánsson. FÍS á 5,75% af Húsi verslunarinnar eða samtals 385 fm. Eignarhluti félagsins er 9. hæðin í húsinu auk hlutdeildar í sameign. Húsnæðið á 9. hæð hentar sérstaklega vel fyrir starfsemi félagsins þar sem skrifstofur eru margar og auðvelt að bæta við eftir því sem umfang starfseminnar eykst. Í dag nýtir félagið um það bil helming hæðarinnar en leigir út aðra hluta. Leigjendur er HM bókhald, GS1 og Framsækni. Fulltrúi FÍS í stjórn Húss verslunarinnar er Knútur Signarsson framkvæmdastjóri.

Fyrirhugað var að fara í viðhaldsframkvæmdir á húseigninni en vegna efnahagsástandsins var þeim frestað. Leigutakar í húsinu hafa farið fram á lækkun húsaleigu og eins hefur sala á auglýsingaskilti sem er í eigu Hússins ekki gengið sem skyldi. Má því gera ráð fyrir að á næsta starfsári verði kostnaður FÍS vegna hússins hærri en áður.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

FÍS er einn af þremur stofnaðilum LIVE árið 1956 og hefur átt fulltrúa í stjórn sjóðsins frá upphafi. Í fyrstu skipaði félagið einn fulltrúa í stjórnina en auk þess annan sameiginlega með Kaupmannasamtökum Íslands. Árið 1996 var gert nýtt samkomulag um skipan í stjórn sjóðsins þannig að nú skipa atvinnurekendur fjóra fulltrúa í stjórnina og launþegar aðra fjóra. Úr röðum vinnuveitenda skipar FÍS einn fulltrúa, Kaupmannasamtök Íslands einn, Samtök iðnaðarins einn (með álit SA) og Samtök atvinnulífsins einn (með álit VÍ). Fulltrúi FÍS í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna var fram til áramóta Margrét Kristmannsdóttir og varamaður Pétur Björnsson en frá áramótum 2008/2009 tók Bogi Þór Siguroddsson sæti þar og er Birgir Bjarnason varamaður hans.

Afkoma LIVE árið 2008

Áföllin sem dunið hafa á íslenskum og erlendum fyrirtækjum hafa, með svipuðum hætti og hjá öðrum lífeyrissjóðum, neikvæð áhrif á ávöxtun eigna sjóðsins á liðnu ári. Þar vega þungt afskriftir vegna hlutabréfaeignar í fjármálafyrirtækjum og eins er ljóst að hluti af skuldabréfum fjármálafyrirtækja muni tapast. Þá hefur þröng staða ýmissa innlendra fyrirtækja neikvæð áhrif á ávöxtunina sem og



Sölu – og þjónustunámskeið



Félagsfundur með Benedikt Jóhannessyni og Rúnu Hauksdóttur

lækkar á erlendum fjármálamörkuðum. Eftir sem áður er stærstur hluti eigna lífeyrissjóðsins í traustum verðbréfum sem munu halda verðgildi sínu og bera góða ávöxtun til framtíðar.

Lífeyrissjóðurinn vann, í samráði við endurskoðendur sjóðsins, endurmat í byrjun nóvember s.l. á eignum lífeyrissjóðsins og var niðurstaða þess mats sú að lækkun á eignum sjóðsins vegna fjármálakreppunnar í október næmi 14,4%. Vegna óhagstæðrar þróunar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum nam heildarlækkun eigna sjóðsins frá upphafi 2008 23,4%. Í lok árs 2007 nam 5 ára árleg meðalávöxtun lífeyrissjóðsins 15,8% sem er önnur hæsta ávöxtun lífeyrissjóðanna á því tímabili.

Þar sem fyrir liggur að yfirstandandi fjármálakreppa hefur leitt til verðfalls á verðbréfasafni lífeyrissjóðsins var í nóvember 2008 framkvæmd tryggingafræðileg úttekt á stöðu lífeyrissjóðsins miðað við nýliðin áramót á grundvelli áætlaðra stærða. Niðurstöðurnar sýna áætlaða neikvæða stöðu sjóðsins um 9,6%. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kveða á um að ef munur eignarliða og skuldbindinga fer umfram 10% verði að grípa til ráðstafana. Reynist niðurstaða ársins í samræmi við áætlun tryggingafræðingsins þarf ekki að koma til lækkunar lífeyris og réttinda frá síðustu áramótum. Frá 1997 hafa lífeyrisréttindi verið hækkuð um 21,1% umfram verðlagsbreytingar.

Á vettvangi lífeyrissjóðanna er nú unnið að samræmdu mati eigna lífeyrissjóðanna að ósk Fjármálaeftirlitsins. Vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem skapast hafa og óvissu henni tengdri verður nokkur dráttur á hefðbundinni uppgjörsvinnu á vettvangi lífeyrissjóðanna. Því eru ekki upplýsingar í ársskýrslu FÍS að þessu sinni um afkomu Lífeyrissjóðs verslunarmanna svo sem venja hefur verið.

Norrænt samstarf

Í ágústmánuði var haldinn fundur norrænna samtaka atvinnurekenda í verslun í Svíþjóð. Tilgangur þessara funda er að atvinnurekendur í verslun og þjónustu á Norðurlöndum beri saman bækur sínar í því skyni að kanna hvar þeir geti unnið sem mest saman að sameiginlegum hagsmunum greinarinnar. Auk þess að mynda félagsleg tengsl sem skipta máli varðandi upplýsingar um margvísleg mál frá starfsbræðrum og systur á Norðurlöndum. Fundinn í Svíþjóð sóttu þeir Skúli J. Björnsson formaður og Knútur Signarsson framkvæmdastjóri. Næsti fundur verður haldinn í Danmörku árið 2009.

Í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi í október sendi félagið þessum systurfélögum á Norðurlöndum bréf í hverju óskað var eftir einhvers konar aðstoð eða samstarfi frá þeim. Svar barst frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð og eru þau samtök reiðubúin til þess að veita FÍS þá aðstoð sem þeim er fært að veita.

EuroCommerce

FÍS hefur um nokkurra ára skeið verið aðili að EuroCommerce, sem eru Evrópusamtök verslunarfyrirtækja og hafa aðsetur sitt í Brussel. Ógrynni af upplýsingum berast til félagsins frá EuroCommerce, einkum og sér í lagi um þau lagafrumvörp og þær breytingar sem eru í undirbúningi á Evrópuvettvangi. Fyrrum framkvæmdastjóri félagsins sótti að jafnaði tvo til þrjá fundi á ári en núverandi framkvæmdastjóri hefur ekki sótt þessa fundi. Ákvað stjórn félagsins að hætta aðild FÍS að þessum samtökum og spara þannig þann kostnað sem aðildinni fylgir sem og ferðakostnað framkvæmdastjóra.

Fjárfestingarsjóður stórkaupmanna

Síðasta ár var 38. starfsár Fjárfestingarsjóðs stórkaupmanna, en sjóðurinn var stofnaður 22. október árið 1970.

Árið 2007 var ákveðið að hlutverki sjóðsins sem lánasjóðs væri lokið, enda hafði sjóðurinn þá ekki afgreitt lán af eigin fé í nokkur ár. Það sama ár var ákveðið að greiða sjóðfélögum út inneignir sínar. Stærsti hluti inneignanna hefur nú verið greiddur út. Eftirstöðvarnar verða greiddar út síðar á árinu 2009. Uppgjörsmál er varða áfallna skatta og vexti hafa helst tafið fyrir lokauppgjörinu ásamt ágreiningi um kostnaðarpátttöku í dómsmáli er varðaði eitt skuldabréf úr safni sjóðsins, en skuldabréfasafn sjóðsins var selt árið 2006.

Fjárfestingarsjóðurinn veitir, eins og hann hefur gert frá stofnun, lán úr Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Frá síðasta aðalfundi nema þessi lán kr. 80 milljónum.

Framtíðarhlutverk sjóðsins hefur verið til umræðu á fundum stjórnarinnar í nokkurn tíma. Fyrir utan milligöngu um lánveitingarnar frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna hefur mest verið rætt um einskonar milligönguhlutverk sjóðsins í sambandi við fjárfestingar, þ.e. að tengja saman þá sem eru með fjárfestingarverkefni og fjárfesta.

Eitt slíkt varð til á síðasta ári fyrir milligöngu Fjárfestingarsjóðs stórkaupmanna. Stofnað var félagið FS Berlin sem fjárfesta átti í fasteignum í Berlin. Hér var um að ræða þátttöku í verkefni á vegum SPRON. Sparisjóðurinn hafði þá þegar hleypt af stokkunum einu slíku verkefni, sem nefnist BZ-1. Þetta verkefni bar vinnuheitið BZ-2. Átta fyrirtæki

innan raða FÍS skráðu sig fyrir hlutafé, samtals kr. € 500K á stofnfundi sem haldinn var í apríl. Þegar leið á árið 2008 lokuðust smásaman lánamarkaðir og vextir hækkuðu.

Sparisjóðurinn átti þá erfitt með að finna nægilega marga fjárfesta til þátttöku í verkefninu og úr varð að slá öllum áformum um stofnum BZ-2 á frest. Hluthafar fengu í kjölfarið allt hlutafé sitt endurgreitt.

Í ljósi efnahagshrunsins hlýtur það að koma til umræðu innan raða FS hvort sjóðurinn hafi e.t.v. þrátt fyrir allt hlutverki að gegna sem lánasjóður líkt og frumtilgangurinn var við stofnun sjóðsins. Sú umræða mun væntanlega fara fram á vettvangi sjóðsins og FÍS á næsta starfsári.

Formaður Fjárfestingarsjóðs stórkaupmanna er Stefán S. Guðjónsson. Með honum í stjórn eru Benedikt E. Gunnarsson varaformaður, Arnar R. Birgisson, Jón G. Baldvinsson og Ólafur Ó. Johnson.

Njarðarskjöldurinn

FÍS ásamt Reykjavíkurborg og Kaupmannasamtökum Íslands veita árlega hvatningarverðlaun til verslunar í borginni í nafni Reykjavíkurborgar og Íslenskrar Verslunar fyrir ferðamannaverslun ársins. Við valið er tekið tillit til útlits verslunar, merkinga fyrir erlenda ferðamenn, viðmóts starfsfólks, markaðssetningar, sölutalna og vara.

Verðlaunahafinn á starfsárinu var verslunin Kraum sem sérhæfir sig í sölu á íslenskri hönnun. Það sem einkum stóð upp úr við valið að þessu sinni var einkar glæsilegt úrval íslenskrar hönnunar sem í boði er í versluninni að Aðalstræti 10. Óhætt að fullyrða að á stuttum starfstíma hafi verslunin fest sig í sessi sem ein helsta ferðamannaverslun borgarinnar enda hefur vöxtur endurgreiðslu virðisauka til erlendra ferðamanna vaxið gífurlega milli ára og er ástæðan að sjálfsögðu mikil gengislækkun íslensku krónunnar. Markaðssetning Kraums er einnig metnaðarfull og allt útlit aðstandendum verslunarinnar til mikils sóma, enda standa fjölhæfir hönnuðir á bak við hana.

Birtingaþjónusta stórkaupmanna

Birtingaþjónusta stórkaupmanna er ætlað að sjá um sameiginleg kaup á auglýsingabirtingum í íslenskum fjölmiðlum. Birtingaþjónustan er með samninga við

Ríkisútvarpið (RÚV), Morgunblaðið og 365 prentmiðla. U.þ.b. 40 fyrirtæki eru aðilar að Birtingaþjónustunni. Sameiginleg velta á auglýsingum í gegnum Birtingaþjónustuna var 16,3 milljónir króna árið 2008 en var árið 2007 13,8 milljónir.

Tvíhliða viðskiptaráð

FÍS hýsir og sér um reksturinn á tveimur tvíhliða viðskiptaráðum, Íslensk kínverska viðskiptaráðinu (ÍKV) og Íslensk indverska viðskiptaráðinu (ÍIV). Rekstur þessara ráða er í góðu samræmi við starfsemi félagsins þar sem eitt hlutverk félagsins er að greiða fyrir alþjóðaviðskiptum. Viðskiptaráðin hafa þau verkefni helst að efla og styrkja verslunar- og viðskiptasambönd milli landanna, leitast við og stuðla að viðskiptalegum hagsmunum félagsmanna ásamt því að veita félagsmönnum upplýsingar og ráðgjöf. Einnig standa ráðin fyrir málþingum, félagsfundum og ráðstefnum í samræmi við tilgang félaganna. Ráðin halda einnig út heimasíðum.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu viðburði viðskiptaráðanna á árinu:

ÍKV:

- Aðalfundur var haldinn 29. maí 2008 þar sem Ingjaldur Hannibalsson prófessor og deildarforseti Viðskipta- og hagfræðideildar við Háskóla Íslands ræddi eigin sýn á Kína og framtíð Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós við HÍ sem nýlega var opnuð.
- Félagið stóð fyrir ferð á Kanton sýninguna í apríl 2008 og tóku þátt í henni um 20 manns, þar á meðal formaður FÍS, Skúli J. Björnsson. Til stóð að efna til annarrar ferðar í október en af henni varð ekki sökum hruns efnahagslífsins á Íslandi.
- Í október gekk framkvæmdastjóri ásamt þremur öðrum félögum á fund kínverska sendiherrans á Íslandi með beiðni um að ríkisstjórn Kína myndi skoða það með miklum velvilja að lána íslenska ríkinu 6 milljarða dollara og var í framhaldi af því ritað bréf til China Council for the Promotion of International Trade (CCPIT).
- Þann 26. janúar 2009 á nýársdegi Kínverja, var ári uxans fagnað á veitingastaðnum Asíu. Var mjög góð þátttaka og flutti sendiherra Kína á Íslandi ávarp og síðan kynnti Hjörleifur Sveinbjörnsson bók sína,

„Apakóngur á silkislóð,” en hún kom út fyrir síðustu jól í þýðingu Hjörleifs.

- Þann 9. febrúar 2009 bauð Utanríkisráðuneytið til fundar og þar kynnti Auðunn Atlason þjónustu viðskiptafulltrúa og viðskiptaþjónustu. Hreinn Pálsson kynnti þátttöku Íslands á Heimsýningunni Expo, sem haldin verður í Shanghai í Kína árið 2010 og loks kynnti Einar Gunnarsson stöðu fríverslunarviðræðna Íslands og Kína.
- Töluverður tími skrifstofunnar fer í að útbúa svokölluð “boðsbréf” til kínverskra “sendinefnda” og móttöku á þessum sendinefndum. Virðast Kínverjar ekki fá að fara úr landi án þess að hafa til þess pappíra frá aðilum í viðkomandi landi. Er þetta gert í samvinnu við sendiráð Íslands í Kína.

ÍIV:

- Aðalfundur var haldinn 29. maí 2008 þar sem Jón Valgeirsson forstöðumaður hræfnaþróunar hjá Actavis Group flutti fyrirlestur “Úr reisubók Jóns Indíafara. Ennfremur flutti Auðunn Atlason sendiráðnautur erindi „Að búa og starfa á Indlandi.”
- Félagið stóð að fundi í Háskóla Íslands ásamt Asíusetri Íslands við HÍ og Nordic Centre in India, miðstöð indverskra fræða fyrir norræna fræðimenn, en aðalfundur stofnunarinnar var einmitt haldinn hér á landi í byrjun október. Ekki vildi betur til en að halda átti fundinn daginn sem íslensku bankarnir hrundu – og sökum lélegrar þátttöku – þá féll hann niður.
- Framkvæmdastjóri og stjórn hafa átt fundi með indverska sendiherranum, en indverska sendiráðið var formlega tekið í notkun í nóvember. Ennfremur með viðskiptafulltrúa Indlands og aðilum í indversku viðskiptalífi.

Það verður hins vegar að segja eins og er að áhugi Íslendinga er mun minni á Indlandi en áhugi þeirra á Kína. Með tilkomu sendiráðs Indlands hér á landi þá hefur stjórnin velt því fyrir sér hvort leggja eigi ráðið niður.

FÍS

Ársreikningur 2008

Kringlunni 7
103 Reykjavík

Kt. 530169-5459

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	2
Sameinaður; Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7
Sundurliðanir	10
Félagssjóður	13
Rannsóknarsjóður stórkaupmanna	16
Birtingarþjónusta FÍS	18

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í FÍS

Við höfum endurskoðað ársreikning FÍS fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 5. febrúar 2009

Ernst & Young hf.



Árni Snæbjörnsson


löggiltur endurskoðandi

Ársreikningurinn, sem gerður er af Ernst & Young hf, höfum við yfirfarið og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 5. febrúar 2009



Ársreikningur 2008



FÍS


Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var tap ársins 2008 kr. 6.554.529. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 132.419.628.

Stjórn FÍS og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. febrúar 2009



BþSagnadóttir



Framkvæmdastjóri:



Rekstrarreikningur 2008

Rekstrartekjur	Skýr.	2008	2007
Tekjur af aðalstarfsemi	9	68.512.206	68.992.551
Aðrar rekstrartekjur	10	11.461.603	12.362.582
		<u>79.973.809</u>	<u>81.355.133</u>
Rekstrargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11	25.173.987	18.835.674
Laun og launatengd gjöld	3	40.867.460	33.677.893
Annar rekstrarkostnaður	12	25.791.002	23.372.712
Afskriftir	4	4.236.734	4.260.480
		<u>96.069.183</u>	<u>80.146.759</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(16.095.374)	1.208.374
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og gengismunur		9.681.050	8.458.876
Vaxtagjöld		(140.205)	(204.672)
		<u>9.540.845</u>	<u>8.254.204</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(6.554.529)</u>	<u>9.462.578</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2008	2007
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	58.890.051	63.126.785
Eignarhlutir í öðrum félögum	5	1.104.340	1.000.000
Fastafjármunir samtals		<u>59.994.391</u>	<u>64.126.785</u>

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	2	5.545.825	6.394.208
Fjárfestingasjóður stórkaupmanna		451.378	4.131.989
Handbært fé	2	71.019.669	71.057.015
Veltufjármunir samtals		<u>77.016.872</u>	<u>81.583.212</u>

Eignir samtals

137.011.263

145.709.997

31. desember 2008

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2008	2007
Eigið fé			
Félagssjóður		55.614.756	62.343.541
Birtingaþjónustan		13.674.114	13.362.787
Rannsóknasjóður		63.130.758	63.267.829
Eigið fé samtals	6	132.419.628	138.974.157

Skuldir

Langtímaskuldir

Skuldir við lánastofnanir	7	0	213.272
Langtímaskuldir samtals		0	213.272

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir		2.001.623	2.600.153
Næsta árs afborgun af langtímalánum	7	276.313	499.646
Aðrar skammtímaskuldir		2.313.699	3.422.769
Skammtímaskuldir samtals		4.591.635	6.522.568

Skuldir samtals		4.591.635	6.735.840
------------------------	--	------------------	------------------

Eigið fé og skuldir samtals		137.011.263	145.709.997
------------------------------------	--	--------------------	--------------------

Sjóðstreymi 2008

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhagnaður fyrir fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		(16.095.374)	1.208.374
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	4	4.236.734	4.260.480
Aðrir reiknaðir liðir		(104.340)	0
Hreint veltufé (til) frá rekstri án vaxta og skatta		(11.962.980)	5.468.854
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		848.383	(932.490)
Skammtímaskuldir		(1.707.600)	1.022.859
Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta og skatta		(12.822.197)	5.559.223
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismismunur		9.642.871	7.635.586
Greidd vaxtagjöld		(121.728)	(149.271)
Handbært fé (til) frá rekstri		(3.301.054)	13.045.538
Fjárfestingarhreyfingar			
Hluti Rannsóknarsjóðs í Fjárfestingasjóði FÍS innleystur ...		3.718.790	0
Fjárfestingarhreyfingar		3.718.790	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(455.082)	(554.714)
Fjármögnunarhreyfingar		(455.082)	(554.714)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(37.346)	12.490.824
Handbært fé í ársbyrjun		71.057.015	58.566.191
Handbært fé í árslok		71.019.669	71.057.015

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

FÍS er hagsmunasamtök líttilla sem stórra fyrirtækja í inn- og útflutningi, heildsölu og smásölu. Hlutverk Fís er að gæta hagsmuna aðildarfyrirtækja sinna.

Félagið á í málaferlum vegna starfsloka fyrrverandi framkvæmdastjóra og nemur krafa hans 4,1 milljón kr. auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Engar færslur hafa verið færðar í ársreikningi félagsins vegna þessa.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann hefur að geyma sameinaðan ársreikning fyrir félagssjóð, Rannsóknarsjóð stórkaupmanna og Birtingaþjónustu FÍS.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt sé að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að fráðregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru almennt bókfærðir á kostnaðarverði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að fráðreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Skýringar

Leigusamningar

Leigugreiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar í rekstrarreikning með línulegri aðferð á leigutímanum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2008	2007
Laun	35.790.693	28.661.645
Launatengd gjöld	5.754.820	4.758.981
Reiknað áunnið orlof	(678.053)	257.267
Laun og launatengd gjöld alls	40.867.460	33.677.893

Á árinu störfuðu 4,5 starfsmenn hjá félaginu m.v. heilsársstörf.

Reiknað áunnið orlof í árslok er fært í reikninginn og nemur kr. 2.430.069.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1/1	54.482.389	28.390.774	5.290.000	88.163.163
Afskrifað alls 1/1	(10.987.282)	(12.920.563)	(1.128.533)	(25.036.378)
Afskrifað á árinu	(1.089.648)	(1.800.069)	(846.400)	(3.736.117)
Bókfært verð 31/12	42.405.459	13.670.142	3.315.067	59.390.668
Stofnverð alls 31/12 ...	54.482.389	28.390.774	5.290.000	88.163.163
Afskrifað alls 31/12	(12.076.930)	(15.221.249)	(1.974.933)	(29.273.112)
Bókfært verð 31/12	42.405.459	13.169.525	3.315.067	58.890.051
Afskriftarhlutföll	2%	10-20%	20%	

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Fasteignin Kringlunni 7	130.400.000	139.950.000	42.405.459

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutir í öðrum félögum		
Vottun hf.	1.000.000	1.000.000
GS1	104.340	104.340
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		1.104.340

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Félagssjóður	Birtingar- þjónustan	Rannsóknar- sjóður	Samtals
Eigið fé 1/1	62.343.541	13.362.787	63.267.829	138.974.157
Afkoma ársins	(6.728.785)	311.327	(137.071)	(6.554.529)
Eigið fé 31/12	55.614.756	13.674.114	63.130.758	132.419.628

7. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum og verðtryggingu:

Lán í ISK,	276.313
Næsta árs afborganir	(276.313)
Langtímaskuldir samtals skv. efnahagsreikningi	0

8. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Félagið hefur sett eign að veði til tryggingar skuldbindingum sínum.

Eign	Upphæð veðs	Bókfært verð eignar
Kringlan 7	276.313	42.405.459

Sundurliðanir

	2008	2007
9. Tekjur af aðalstarfsemi		
Árgjöld	19.369.239	20.458.577
Innheimt kjaramálagjald	21.540.653	24.614.241
Tekjur af félagsheimilasjóði	5.748.920	5.999.830
Húsaleigutekjur	3.644.227	2.388.579
Skrifstofuþjónusta	1.391.139	1.237.553
Tekjur birtingaþjónustu	16.818.028	14.293.771
	68.512.206	68.992.551
10. Aðrar rekstrartekjur		
Tekjur vegna ýmissa námskeiða	1.306.300	1.453.500
Norræna númerakerfið	2.005.001	1.275.000
Brussel	1.719.962	1.407.840
Seldar bækur	5.917.000	5.784.000
Aðrar tekjur	513.340	2.442.242
	11.461.603	12.362.582
11. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Aðkeypt sérfræðiaðstoð		
Endurskoðun og reikningshaldsleg aðstoð	737.942	992.047
Skýrsla um framtíðarhorfur verslunar	1.643.400	0
Aðkeypt vinna vegna stefnumótunar	1.720.000	0
Ýmis aðkeypt vinna	3.119.989	2.694.586
	7.221.331	3.686.633
Fundakostnaður		
Kostnaður vegna aðalfundar	1.626.032	1.569.192
Kostnaður vegna annarra funda	1.270.079	996.073
Ferðakostnaður	1.551.847	1.062.468
	4.447.958	3.627.733
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Tryggingar starfsmanna	11.311	20.175
Kaffistofa	711.780	753.617
Annar starfsmannakostnaður	1.496.925	1.590.185
Sími	943.408	659.434
Burðargjöld	293.636	307.811
Prentun og pappír	1.305.027	943.146
Risna	38.066	125.780
Gjafir og styrkir	679.144	263.741
Skrifstofuáhöld og viðhald áhalda	433.222	611.706
Auglýsingar	205.053	406.586
Aðkeyptur akstur	81.333	211.911
Rekstur bifreiða	1.618.294	1.055.615
Tölvukostnaður	3.902.118	2.444.333

Sundurliðanir

	2008	2007
Bankakostnaður og innheimtupjónusta	114.768	134.206
Ráðstefnur og námskeið	37.512	437.372
Rekstrarleiga ljósritunarvél	610.689	596.093
Félagsgjöld	491.289	385.236
Afskriftir viðskiptakrafna	502.266	215.565
Ýmis skrifstofukostnaður	28.857	358.796
	<u>13.504.698</u>	<u>11.521.308</u>

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals

	<u>25.173.987</u>	<u>18.835.674</u>
--	-------------------	-------------------

12. Annar rekstrarkostnaður

Húsnæðiskostnaður

Ræsting og ræstivörur	786.628	873.376
Rafmagn og hiti	532.076	484.824
Endurgreitt af leigutökum	(265.141)	(182.864)
Fasteignagjöld og lóðarleiga	2.678.126	2.250.652
Kostnaður vegna sameignar	778.215	475.220
Annar húsnæðiskostnaður	310.148	126.624
	<u>4.820.052</u>	<u>4.027.832</u>

Kynning, útbreiðsla

Njarðarskjöldur	133.000	82.500
Auglýsingar v. útgáfu	247.354	144.849
Norræna númerakerfið	2.005.001	1.275.000
Brussel sýning	1.218.112	1.407.838
Útlagður kostn. v. félagsmanna	100.000	1.264.532
Kostnaður vegna ýmissa námskeiða	968.705	1.372.084
	<u>4.672.172</u>	<u>5.546.803</u>

Keypt birtingapjónusta	16.298.778	13.798.077
------------------------------	------------	------------

Annar rekstrarkostnaður samtals

	<u>25.791.002</u>	<u>23.372.712</u>
--	-------------------	-------------------

Sérgreindir ársreikningar

2008

Rekstrarreikningur 2008

Rekstrartekjur	2008	2007
Tekjur af aðalstarfsemi	63.655.781	55.198.780
Framlag frá rannsóknarsjóði	8.000.000	0
Aðrar rekstrartekjur	0	12.362.582
	<u>71.655.781</u>	<u>67.561.362</u>
 Rekstrargjöld		
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	13.450.032	11.432.243
Laun og launatengd gjöld	40.867.460	33.677.893
Annar rekstrarkostnaður	21.161.513	16.968.381
Afskriftir	4.236.734	4.260.480
	<u>79.715.739</u>	<u>66.338.997</u>
 Rekstrarhagnaður (-tap)	(8.059.958)	1.222.365
 Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	1.466.388	1.068.213
Vaxtagjöld	(135.215)	(175.791)
	<u>1.331.173</u>	<u>892.422</u>
 Hagnaður (tap) ársins	(6.728.785)	2.114.787

Efnahagsreikningur

Eignir

2008

2007

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir

58.865.208

63.101.942

Eignarhlutir í öðrum félögum

1.104.340

1.000.000

Fastafjármunir samtals

59.969.548

64.101.942

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur

3.379.007

4.900.149

Handbært fé

6.916.980

9.470.389

Veltufjármunir samtals

10.295.987

14.370.538

Eignir samtals

70.265.535

78.472.480

31. desember 2008

Eigið fé og skuldir

	2008	2007
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	62.343.541	60.228.754
Afkoma ársins	(6.728.785)	2.114.787
Eigið fé samtals	<u>55.614.756</u>	<u>62.343.541</u>

Skuldir

Langtímaskuldir

Skuldir við lánastofnanir	<u>0</u>	<u>213.272</u>
Langtímaskuldir samtals	<u>0</u>	<u>213.272</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	695.137	630.161
Skuldir við tengd félög	11.374.707	11.374.707
Næsta árs afborgun af langtímalánum	276.313	499.646
Aðrar skammtímaskuldir	<u>2.304.622</u>	<u>3.411.153</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>14.650.779</u>	<u>15.915.667</u>

Skuldir samtals	<u>14.650.779</u>	<u>16.128.939</u>
------------------------	-------------------	-------------------

Eigið fé og skuldir samtals	<u>70.265.535</u>	<u>78.472.480</u>
------------------------------------	-------------------	-------------------

Rekstrarreikningur 2008

Rekstrargjöld	2008	2007
Styrkur til félagssjóðs	8.000.000	0
	<u>8.000.000</u>	<u>0</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)	(8.000.000)	0
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		
Gengismunur verðbréfa og vaxtatekjur	7.862.929	6.941.979
	<u>7.862.929</u>	<u>6.941.979</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>(137.071)</u>	<u>6.941.979</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	2008	2007
Veltufjármunir		
Fjárfestingasjóður stórkaupmanna	451.378	4.131.989
Félagssjóður	625.514	625.514
Handbært fé	62.053.866	58.510.326
Veltufjármunir samtals	63.130.758	63.267.829

Eignir samtals	63.130.758	63.267.829
-----------------------	-------------------	-------------------

Eigið fé og skuldir

	2008	2007
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	63.267.829	56.325.850
Afkoma ársins	(137.071)	6.941.979
Eigið fé samtals	63.130.758	63.267.829

Eigið fé og skuldir samtals	63.130.758	63.267.829
------------------------------------	-------------------	-------------------

Reykjavík, 5. febrúar 2009

Í stjórn Rannsóknarsjóðs stórkaupmanna

Rekstrarreikningur 2008

Rekstrartekjur	2008	2007
Tekjur af aðalstarfsemi	16.818.028	14.293.771
	<u>16.818.028</u>	<u>14.293.771</u>
Rekstrargjöld		
Birtingar til endursölu	16.298.778	13.798.077
Annar rekstrarkostnaður	554.666	509.685
	<u>16.853.444</u>	<u>14.307.762</u>
Rekstrartap	(35.416)	(13.991)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	351.733	448.684
Vaxtagjöld	(4.990)	(28.881)
	<u>346.743</u>	<u>419.803</u>
Hagnaður ársins	<u>311.327</u>	<u>405.812</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2008	2007
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		24.843	24.843
Fastafjármunir samtals		24.843	24.843

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	2.166.818	1.494.059
Félagssjóður	10.749.193	10.749.193
Handbært fé	2.048.823	3.076.300
Veltufjármunir samtals	14.964.834	15.319.552

Eignir samtals	14.989.677	15.344.395
-----------------------	------------	------------

31. desember 2008

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2008	2007
Eigið fé			
Eigið fé frá fyrra ári		13.362.787	12.956.975
Afkoma ársins		311.327	405.812
Eigið fé samtals		<u>13.674.114</u>	<u>13.362.787</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	1.306.486	1.969.992
Aðrar skammtímaskuldir	9.077	11.616
Skammtímaskuldir samtals	<u>1.315.563</u>	<u>1.981.608</u>

Skuldir samtals	<u>1.315.563</u>	<u>1.981.608</u>
------------------------	------------------	------------------

Eigið fé og skuldir samtals	<u>14.989.677</u>	<u>15.344.395</u>
------------------------------------	-------------------	-------------------

Reykjavík, 5. febrúar 2009

Í stjórn Birtingarþjónustunnar

